

- 201** notkunar. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki
 30. des. án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðréttar í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði eða aðfararveði.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Selfoss nr. 215 11. okt. 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

202

30. des.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjald í Selfosshreppi.

1. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði á kostnað sveitarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsanet þorpsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

3. gr.

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamati og vera 3% af fasteignamati hvers húss, enda sé lágmarksgjald fyrir hvert hús 100 krónur.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum allt að 50% fyrir eitt ár í senn.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í húsi og öðrum mann-

virkjum húseiganda, svo og lóð húseiganda, ef hún er eignarlóð hans, næstu tvö **202**
 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfarar- 30. des.
 veði. Gjaldtagi holræsagjalds er 1. maí ár hvert, en kostnaður við lagningu holræsa
 greiðist að lögnum lokinni.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1 000.00 krónum.
 Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps,
 staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi
 þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi og holræsagjöld fyrir Selfoss-
 kaupún nr. 193 7. okt. 1943.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um holræsi í Hvolsvallarkauptúni í Rangárvallasýslu.

203

30. des.

1. gr.

Þegar Hvolhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði
 eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa,
 er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn
 kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji allt skulp frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

Vanræki einhver húseigandi að láta gera ræsi, skal hreppsnefnd heimilt, með
 hæfilegum fyrirvara, að vinna verkið á kostnað húseigandans.

Bannað er að leiða frárennsli úr gripahúsum í holræsi hreppsins.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða
 þeim, sem hreppsnefnd hefur falið umsjón með lagningu holræsa frá því, og fá
 samþykki þar til.

Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því, er að
 tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með
 því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði.

Til að standast þann kostnað, svo og viðhald aðalholræsakerfisins, ber hverj-
 um húseiganda eða íbúðareiganda, sem á hús við götu, veg eða opið svæði, þar
 sem holræsi er lagt, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi við aðal
 holræsi, kr. 1 000.00, miðað við hús með einni íbúð.

Hækkar gjald þetta um kr. 300.00 við hverja íbúð í húsinu umfram eina, sé
 eigandinn hinn sami að öllum íbúðunum.

Verksmiðjur, sölubúðir, þvottahús, félagsheimili, sláturhús, frystihús, iðnfyr-
 irtæki o. fl. þess háttar, greiða tengigjald kr. 1 500.00.